

hafa nokkuð að staðaldri á Englandi og Skotlandi hafa ugglaustr rekið augun í það, að nálega í hverjum garði, hversu lítil sem garðholan er, þá eru þar trönur, rólur eða önnur tæki, bæði fyrir börn og fullorðna menn, til þess að leika sér við og fjöruga kraftana í frístundunum. Eins eru þar víða afmarkaðar skákar með ímislegum útbúningi fyrir marskonar hnattleika. Mér sindist þetta þó ennþá tíðara í Ameríku, einkanlega Boston, og getur það verið af því, að ég hafði þar bestan tímann til að taka eftir.

Auk þessa eru um öll lönd mesti firna grúi af félögum, sem æfa og efla allskonar leika, hnattleika, róður, sund og slíkan fjölda annara íþróttar, sem ég man ekki að nefna, og margar hef jeg eflaust aldrei heirt nefndar, og ég hef lesið um það, að þetta sé svona í öllum löndum, þar sem breskar þjóðir hafa búfestu.

Stjórnvitringarnir bresku, vísindamennirnir, skáldin og önnur mikilmenni, sem við undrumst og dáumst að, hafa margir unnið þrek sitt og dirfsku við þessa leika. Kaupmennirnir, sem setja hér útistöðvar, botavörpungarnir sem taka fiskinn okkar fyrir augunum á okkur: Mér er ekki grunlaust um, að hugur og harðfilgi þessara manna sé mikið að þakka þessum leikum, sem þeir æfa frá því þeir komast af fjórum lötum.

Ég veit ekki hvort við höfum dug og menningu til að nema af þessum mönnum, en ef við höfum það, þá verður tjörnin hérna besti liðsmaður Reikjavíkurbúa í þeirri herför, þegar við erum búnir að koma auga á hana, og orðnir svo vel að okkur, að hún geti orðið okkur að líði.

Frh.

D. E.

Draumur.

Ónefndan mann dreimdi það nú fyrir skömmu að hann þóttist vera á leið hingað til Rvíkur og vera næsturgestur í Ártúni. Hann þikist vakna um nóttina og fíest þá á sér að vera muni seinni part nætur, en verður bilt, því að honum sindist nær albjart úti og birtan þó undarleg.

Glugginn var hrímaður, svo hann þikist smegja sér í fót og fara út. Er þá Esjan albjört og vestrið alt skínandi hvítt íð neðra en raudtíndrandi fyrir ofan. Hann er þá í engum efa um það, að Reikjavík er í báli.

Hann tekur þá hest sinn og heldur sem fljótast á stað. Honum þótti vera veður eins og var, frostlítið fremur, en snjór á jörð og stinn hvast hátt á austan. Hann er að vörmu spori kominn að instu húsunum á Laugavegi og var þar alt uppi standandi, en aðalbálið þá vestur í bænum en sjálfur á hann heima í miðbænum.

Ekki man hann glögt, hvar brunatóftirnar birjuðu, en ekki þóttist hann koma hestinum lengra en skamt niður fyrir Vegamót, því að alt var þar þá brunnið á báða bóga og ólíft fyrir svælu og hita. Þar voru þó menn á gangi og flestir með eitthvað í fanginu eða á bakinu og sumir báru menn eða konur og hélt hann að samt væri dáðið eða nær dauða og einhver sagði honum að 11 menn væri dauðir svo menn vissu og 3 af þeim hefðu orðið undir bankanum. Nú væri verið að reina að bjarga kirkjunni og Birni Kristjánssini og búið að bera alt landsbókasafnið út á tjörn.

Hann man svo ekki drauminn glögt í samhengi lengra nema það, að hann þóttist kominn í hús sunnan til í Bergstaðastræti og sá þá báðar hliðar Aðalstrætis í lög, en eitthvað af Lækjargötunni þótti honum standa. En vaknaði við það, að Guðm. Björnsson læknir kallaði til hans og sagði honum að kona hans væri komin upp í Latínuskóla og biði hans.

S.

Höfuðborgin.

Leikir hafa fallið niður undanfarnir kvöld. Fírst var Jón Jónsson veikur í hálsi, en er honum var batnað, kom sjúkdómur á heimili Árna Eiríkssonar. Á sunnudaginn var leið konu hans mjög illa og ungararn var níðáíð, sem þau áttu. Nú er konan hressari. — Mega menn hér sjá, að ósjálfrátt er þetta leiköndum. En handvömm leikfélagsstjórnarinnar var það, að auglíst var á sunnudaginn.

Til uppþótar hefur verið haldinn álfadans í leikhúsi Breiðfjörðs kaupmanns suíðinn eftir Útilegumönnum Mattíasar Jökumssonar að einhverju leiti.

Jarðarför frá Guðlaugar Jensdóttur fór fram á firra föstudag.

Jón Jenson liggur sjúkur, en er ekki þungt haldinn.

Sveinn Sveinsson trésmíður hefur tauga-veiki.

Framfarafélagið hafði skemtisamkomu í Bárabúð firra laugardag. Þar sungu *Kátir píllar*, þar hélt *Haldór Jónsson* fyrirlestur um himininn, þar voru sindar *mindir* og *ó-mindir*, þar var þéttskipuð framfarafilking og náíð samband manna á milli.

Bæarstjórnarfundur var haldinn fimtud. 21/1. — Þar var auk annars til meðferðar eríndi frá kennöndum læknaskólans um aðstoð bæarstjórnar til að fá lík til skurðæfinga í skólanum. Var kosin nefnd í málið: Kristján Jónsson, Jón Magnússon og Guðm. Björnsson.

Bindindismennu sóttu um hússtæði undir gísthús á kambinum milli skemmu Ásgeirs Sigurðssonar og sölubúðar Bryðes. Því neit- aði bæarstjórn fyrir því að hún vildi geima kamb þenna óbigðan þar til er umbætur irði gerðar á höfninni. — Guðmundi Jakobs- sini var seld 130 ál. lóðarspílda 55 a. al., en rennivararfélaginu 2400 al. á 20 a. — Nokkrar umræður urðu um götur, en frestað úr- slitum.

Líndin er óhrein orðin eins og menn vita. Hefur skaru komist í eina æðina, sem að henni liggur. Var nú ráðið af að grafa niður að þeirri vatnsæð og sjá með hverju móti það verður. Mundi þetta eigi benda á að vatnsverk er hið eina, sem hér má að gagni verða?

Nú hefur bæarstjórnin ákveðið að setja ljósbera í kirkjusundið með Kitsons-ljósi, og bráðum ætlar hún að láta fullgera Vonar- stræti.

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reikjavík hélt aðalfund sinn 14. þ. m. Var þá lagður fram reikningur sjóðsins fyrir árið 1903. — Í ársbirjun 1903 var eign sjóðsins 29052 kr., en í árslok 29709 kr. Þó höfðu verið veittar rúmar 1200 kr. á



JÓN ÞORKELSSON

fírv. skólastjóri dó á fimtudagskvöldið var kl. 6¹/₂ e. h. Hann fekk hægt andlát.

Integer vitae seclerisque purus.

árinu til stírtar ekkjum verslunarmanna, svo og til ellihrumra og sjúkra verslunarmanna. Stjórn var endarkosin: C. Zimseu (formaður), Geir Zoëga (féhirðir), Sighvatur Bjarnason (skrifari), Guðm. Ólsen og Th. Thorsteinsson.

Mindarlegri stírtarsjóður, stofnaður af einni einstakri stétt, mun eigi til hér á landi, enda er sjóðurinn nú 36 ára gamall. — Árstíllag er 6 kr.

Ekknasjóður Reikjavíkur. — Sjóður þessi hélt aðalfund sinn 2. þ. m. Var lagður fram reikningur sjóðsins fyrir árið 1903 og var eign sjóðsins í árslok 7434 kr., sem erinnifalín í söfnunarsjóðsinnstæðu, bankavagsta- bréfum o. fl.; hafði sjóðurinn aukist um tæpar 500 kr. á árinu. — Stírtur var veittur 12 ekkjum, 30 kr. hverri, eða als 360 kr. — Félagar voru í árslok 1903 274. Árstíllag er 2 kr.

Í stjórni voru kosnir, í stað tveggja manna, er frá fóru, þeir Ásgeir Sigurðsson og Gunnar Gunnarsson kaupmenn, en til vara Þórhallur Bjarnarson lektor, en kírriur sátu í stjórinni þeir Sighvatur Bjarnason banka- bókari og Gísli Jónsson í Nílendu, auk dóm- kirkjuprestsins, sem er sjálfkjörinn formaður.

Sjóður þessi nær til allra stétta og mun vonandi síðar meir, eftir því sem honum vegs fiskur um hrígg, verða til stórheilla fyrir bæar- félag Reikjavíkur, en við það er hann bundinn.

Landsbankinn gengur í endurníungu líf- daganna nú. Bankastjórnin er miklu lengri tíma til viðtals á degi hverjum en verið hefur. Munu sveitamenn fagna því, er þeir þurfa eigi að dvelja ferðir sínar mjög mikið fyrir þær sakir að þeir komist eigi að.

Afgreiðslustofunni hefur og verið breitt mikið til batnaðar, fjölgað skrifborðum og raðað haganlegar niður en áður. Gengur vinnan því greiðlegar en verið hefur.

Haldór Jónsson bankagjaldkiri fór til Ísa- fjarðar með Sögu, (skipi Ásgeirs Sigurðssonar) í bankaerindum. Er mælt að hann hafi átt að semja um sparissjóðinn á Ísafirði í sambandi við útibússtofnun.

Réttur innfæddra manna (sjá bls. 10, 1. dálk) ætti að heita eitthvað annað. Í þrælavinnu-tillögum ætti heldur að kenna til sauðfjáris og kalla það heim- alningarétt, því að heimalningar eru marklausir eins og tillagan-

STAKA.

Kölski lá og las í skrá ligasindir manna.

Sagt er frá, hann findi þá flestar ritstjórnanna.

GfG.